

Nd.
um Iðnþróunarsjóð.

334. Frumvarp til laga

[156. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. jan.)

Samhljóða þskj. 291 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Iðnaðarráðherra skipar fimm menn í framkvæmdastjórn sjóðsins eftir tilnefningu eftirtalinna aðila: Landsbanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands h.f., Iðnlánasjóðs, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem hver tilnefndir einn mann. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt, og skal skipunartími aðalmanna og varamanna vera þrjú ár. Ráðherra skipar formann framkvæmdastjórnar, en hún skiptir með sér verkum að öðru leyti.